



Stjórnarráð Íslands
Félags- og vinnu-
markaðsráðuneytið




Stjórnarráð Íslands
Heilbrigðisráðuneytið

Því það á að vera...

Gott að eldast

Heildarendurskoðun
á þjónustu við eldra fólk


Þjónustan í dag



Framtíðarsýn




Það á að vera gott að eldast á Íslandi



Aldurssamsetning þjóðarinnar breytist nú hratt. Eldra fólk lifir lengur en áður og er virkara og hraustara en nokkru sinni fyrr.

Þjónusta við eldra fólk þarf að þróast í takt við þetta. Sú vegferð er nú hafin undir heitinu **Gott að eldast**. Stjórnvöld taka þar utan um málefni eldra fólks með nýjum hætti. Grunnhugsunin er sú að eldra fólk er ekki byrði á samfélaginu heldur hefur það ótvírætt virði.

Heildarendurskoðun
á þjónustu við eldra fólk



Aðgerða- áætlun

Aðgerðaáætlun byggir á fimm stoðum.

Meginþungi aðgerða liggur í þróunarverkefnum sem ganga út á að finna góðar lausnir sem samþætta félags- og heilbrigðisþjónustu fyrir eldra fólk og flétta saman þá þætti sem ríkið sér annars vegar um og hins vegar sveitarfélögin.

Sömuleiðis verður ráðist í aðgerðir sem hverfast um heilbrigða öldrun með alhliða heilsuefningu, sveigjanlega

þjónustu og stórbættan aðgang að ráðgjöf og upplýsingum um þjónustu fyrir eldra fólk.

Allar aðgerðir miða að því að tryggja virkara og heilsu-
hraustara eldra fólk þjónustu sem stuðlar að því að sem flest þeirra séu þátttakendur í samfélaginu – sem allra lengst.

Og þá verður svo sannarlega gott að eldast á Íslandi.

Gott að eldast

✓ 2022 (DES)
Opið samráð hefst, tillaga sett í samráðsgátt stjórnvalda

Tímalína 2022–2027

✓ 2023 (VOR)
Aðgerðaáætlun til fjögurra ára samþykkt á Alþingi

○ 2023 (HAUST)
Undirbúningur þróunarverkefna hefst

○ 2024
Innleiðing og framkvæmd aðgerðaáætlunar

○ 2025 (LOK ÁRS)
Fyrstu niðurstöður þróunarverkefna liggja fyrir

○ 2026 (LOK ÁRS)
Stöðumat á öllum aðgerðum

○ 2027
Skýr framtíðarsýn liggur fyrir

Þjónustukeðja

Hjúkrunar-
heimili

Sérhæfðari
heimaþjónusta
og endurhæfing

Dagþjónusta
fyrir þau sem
búa heima

Heimaþjónusta
Félags- og
heilbrigðisþjónusta,
heilsugæsla

Þjónusta sveitarfélaga
til að hámarka virkni
Félagsstarf, heimsendur
matur, akstursþjónusta

Ég vil vinna að breytingum á samfélaginu sem auka möguleika fólks á öllum aldri til að vera virk í leik og starfi, og þar sem öll hafa tækifæri til að taka þátt.

Gott að eldast er samfélagslegt umbóta-
verkefni sem á að efla þjónustu við eldra
fólk og auka samvinnu og samþættingu
milli heilbrigðiskerfis og félagsþjónustu.

Gott að eldast á að fjölga möguleikum til aukinnar virkni
og bættrar lýðheilsu og gera fólki kleift að búa lengur
heima hjá sér.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson
félags- og vinnumarkaðsráðherra

Forvarnir, heilsuefling og endurhæfing spila stórt
hlutverk í heilbrigðri öldrun þjóðarinnar til framtíðar. Það
er fátt verðmætara samfélaginu en að viðhalda færni
og virkni einstaklingsins. **Gott að eldast** er því verkefni
þjóðarinnar. Einstaklingurinn er þungamiðjan sem
verkefnið og velferðarkerfið snýst um.

Einstaklingurinn á að hafa aðgang að fjöl-
breyttri en samþættri þjónustu. Hvort sem
það er heilbrigðisþjónusta, félagsþjónusta eða
önnur stuðningsþjónusta. Heima eða í öðrum
búsetuúrræðum.

Breytt aldurssamsetning þjóðarinnar kallar á aðlögunar-
hæfni samfélagsins. Aukins samtals, samvinnu og
lausnamiðaðrar nálgunar. Líf okkar er jafnverðmætt
á öllum lífsskeiðum.

Willum Þór Þórsson
heilbrigðisráðherra

Nánari upplýsingar á
gottadeldast.is